

## 587. fundur

Mánudaginn 14. september 2015 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. l. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson ANR formaður  
Benedikt S. Benediktsson FJR  
Baldur Arnar Sigmundsson ANR  
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR  
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari nefndarinnar.

1. Lögð fram fundargerð 586 og hún samþykkt.
2. Lagt var fyrir erindi Ólafs Magnússonar framkvæmdastjóra Kú ehf., þar sem farið var fram á opinn tollkvóta á lífrænni frosinni mjólk vegna skorts á vörunni á innanlandsmarkaði. Erindið var rætt og ákveðið að afla frekari gagna vegna málsins.
3. Tekið var fyrir erindi frá Grænum markaði ehf. dags. 24. ágúst 2015 vegna óska um að úthluta eftirstöðvum af tollkvóta afskorinna blóma sem ekki gekk út við úthlutun seinni hluta ársins 2015, alls 38.750 stk. Fyrir lágu svör frá umsagnaraðilum og á grundvelli þeirra var ákveðið að hafna beiðninni þar sem ekki væri skortur á afskornum blómum á markaði.

Fleira ekki gert og fundi slitið.